

9. kafli – Útlit

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR – Fá mér leppa tvo úr hári þínu

Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice

Í eina tíð þótti hárfegurð norrænna kvenna einstök. Ljóst víkingahár var sjaldgæft og dáleiddi margan manninn. En nú eru aðrir tímar og af ýmsum ástæðum, meðal annars af efnameðferðum, hefur dofnað yfir ljósa litnum á Norðurlöndunum nema auðvitað að um litað hár sé að ræða. Í Rússlandi og víðar í Austur-Evrópu mátti lengi vel sjá sítt ljóst hár enda hefðin að ungar stúlkur söfnuðu hári sem var fléttað í langar fléttur og fléttan ekki klippt fyrr en á fullorðinsárum. Þið munið sjálfsagt eftir Júlíu Tímosjenko, fyrrum forsætisráðherra Úkraínu, og hennar ljósa fléttaða hári, en kona frá Úkraínu sem ég þekki í Cannes segist ekki viss um að þetta sé hennar eigið hár! Eftir hrun kommúnismans og aukið frelsi í löndum Austur-Evrópu hefur hár kvenna stórlega látið á sjá hvað varðar litinn því þær tóku upp þá vitleysu eftir Vesturlandakonum að lita á sér hárið og setja í það permanent. Þetta vita þeir sem höndla með hár, ekki síst kaupendur hárs af síðhærðum konum sem svo framleiða hárkollur og lokka í hárlengingar. Markaðurinn hefur verið í uppsveiflu um nokkurt skeið og blómstrar sem aldrei fyrr. Eftirspurnin er mest eftir síðu ljósu hári sem helst á að vera slavneskt og ef ekki þá er ljóst hár frá Suður-Rússlandi ekki slæmt. Aðrar hángerðir eru verri. Að sama skapi hækkar verðið á hárinu því sífellt færri konur halda í hinar fyrrnefndu fléttur sem ekki þykja móðins og nemur hækkinin um sjötíu prósentum á ári. Góð flétta getur selst á hundrað og fimmtíu evrur og dugir seljandanum fyrir farsíma! Vinnustofurnar sem vinna hárið meðhöndla tvö tonn á ári. Oftast eru það konur til dæmis í fátækum héruðum Rússlands sem vinna þessa vinnu og ekki eru launin merkileg, um fjögur hundruð evrur á mánuði. Í Moskvu er fjöldi hárgreiðslustofa sem vinna nær eingöngu við hárlengingar fyrir auðugar rússneskar konur eða hjákonur ríkra manna sem leggja allt í útlitið. Því er nóg að gera í hárinu og verðið ekkert vandamál. En ljósa hárið er í hættu. Hárfraeðingar segja að með tímanum muni gæðahárið hverfa af markaðnum. Kínverjar eru nú þegar að taka yfir markaðinn með fölsku hári eða lélegu mannshári. Vandamálið er hins vegar það að venjulegt fólk getur ekki greint gæðahárið frá öðru hári og kínverska hárið kemur jafnvel frá Kína merkt „Made in Siberia“! Svo ganga þær óstaðfestu sögur um að fólk sé látið hverfa til að ná í fallegt hár.

visir.is 25. ágúst 2011

Verkefni 9.1

Strikaðu undir öll orð í textanum hér að ofan sem lýsa hári eða orð sem tengjast hári. Hvaða orðflokki tilheyr þau?

Litir, mynstur, lögun og áferð

Litir eru dæmigerð lýsingarorð til að lýsa hlutum, dýrum og fólki. Lýsingarorð yfir liti eru t.d. notuð til að lýsa fötum. Þá eru notuð hefðbundin orð eins og *gulur*, *rauður*, *grænn* og *blár* o.s.frv. Hefðbundin lýsingarorð yfir liti eru ekki sérlega mörg í íslensku. Til þess að lýsa litunum betur er forliðum skeytt framan á lýsingarorðið eða tvö orð sett saman: *eldrauður*, *ljósráuður*, *blóðrauður*, *vínrauður*, *appelsínugulur*, *fjólublár*, *blágrænn* o.s.frv. Litir eru líka notaðir þegar við lýsum útliti fólks en á annan hátt en þegar við lýsum fötum. Náttúrulegir háralitir eru aðeins nokkrir. Fólk getur verið með svart, skollitað, ljóst, dökkt, grátt

eða rautt hár. Þegar húð fólks er lýst er talað um að fólk sé með ljósa, dökka eða freknótta húð. Stundum er fólk *fölt* eftir veturinn, *rjótt* þegar því er heitt eða *brúnt* þegar það hefur verið lengi í sól. Litir yfir hesta og kindur eru margir á íslensku. Þá eru ekki bara notaðir hefðbundnir litir heldur líka sérstök litaorð eins og *jarpur* og *mórauður*.

Mynstur lýsa líka hlutum og dýrum. Föt eru t.d. stundum saumuð úr *köflóttu*, *röndóttu* eða *doppóttu* efni. Stundum eru lýsingarorðin samsett úr tveimur lýsingarorðum þar sem annað lýsir litnum og hitt mynstrinu; *rauðköflóttur*, *gráröndóttur* o.s.frv. Oft má sjá litamynstur í hári eða húð dýra; kýr eru *skjöldóttar*, hestar eru *skjóttir* og kindur eru *flekkóttar*.

Litir	Nokkrir forliðir sem notaðir eru á undan mörgum litum			
gulur, rauður, grænn, blár	ljós-	blár	dökk-	bleikur
svartur, hvítur, fjólublár		gulur		grænn
brúnn, bleikur, grár	föl-	grænn		blár
appelsínugulur		blár	skær-	bleikur
		bleikur		grænn

Verkefni 9.2

Hvað passar saman? Taktu eftir myndmálinu.

Forliðir	Litir
eld-	gulur
sól-	rauður
laxa-	grænn
himin-	blár
kol-	svartur
snjó-	hvítur
berja-	grár
gras-	brúnn
ólífu-	bleikur
sót-	
eitur-	
ösku-	

Orðasambönd og samsett orð

Í orðasamböndum koma oft fyrir litir. *Að bæta gráu ofan á svart* merkir til dæmis að gera eitthvað illt verra. Á *snara.is* má finna ótal orðasambönd þar sem litir koma fyrir. Þar má einnig finna ógrynni orða þar sem litur er annaðhvort fyrri liður, eins og í orðunum *grágrýti* eða *gráhærður*, eða seinni liður, eins og í orðunum *jökulgrár* og *þokugrár*.

Verkefni 9.3

1. Hvað heldur þú að eftirfarandi orðasambönd þýði?

Hann málaði bæinn rauðan _____

Það var dansað fram á rauða nótt _____

Hvít jól _____

Rauð jól _____

2. Finndu eitthvert annað orðasamband þar sem litur kemur fyrir (á snara.is eða á ordanet.arnastofnun.is).

3. Finndu nokkur samsett lýsingarorð þar sem annar liðurinn er litur.

4. Finndu nokkur samsett nafnorð þar sem annar liðurinn er litur.

Haustlitirnir

Hvað ætlar þú að gera um helgina?

Ég veit það ekki, ég fer kannski út úr bænum.

Hvert ætlar þú að fara?

Austur á Þingvöll. Það er mjög fallett þar núna. Haustlitirnir eru svo fallegir.

Verkefni 9.4

Hver er lausn þessarar gátu?

Hver er sá veggur víður og hár,
vænum settur röndum
gulur, rauður, grænn og blár
gerður af meistara höndum.

Beyging lýsingarorða

Orð yfir liti og mynstur eru lýsingarorð sem beygjast í kyni, tölu og falli. Lýsingarorðið verður að samræmast því nafnorði sem það stendur með. Í setningunni *Hún er í köflóttum buxum* er lýsingarorðið *köflóttur* í kvenkyni fleirtölu eins og nafnorðið *buxur* sem er fleirtöluorð í kvenkyni. Forsetningin í stjórnar falli orðmyndarinnar *buxum* sem er í þágufalli. Lýsingarorðið verður að samræmast falli nafnorðsins og er því líka í þágufalli, *köflóttum*.

Hér fyrir neðan er beyging lýsingarorðsins *gulur* (sterk beyging).

	Eintala			Fleirtala		
	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
nf.	gulur	gul	gult	gulir	gular	gul
þf.	gulan	gula	gult	gula	gular	gul
þgf.	gulum	gulri	gulu	gulum	gulum	gulum
ef.	guls	gulrar	guls	gulra	gulra	gulra

Athugið að í beygingu margra lýsingarorða yfir liti eru samlaganir og lengingar (t.d. *grænni*, ekki **græn-ri*, *blárri*, ekki **blári*).

Verkefni 9.5

Farðu á bin.arnastofnun.is og skoðið beygingu lýsingarorðanna *rauður*, *grænn* og *blár* og berið saman við beyginguna á *gulur*.

Svaraðu síðan spurningunum. Hugsaðu vel um kyn og tölu lýsingarorðanna.

Hvernig er tré á litinn? _____

Hvernig er rauðvín á litinn? _____

Hvernig er snjórinn á litinn? _____

Hvernig eru sítrónur á litinn? _____

Hvernig er lax á litinn? _____

Hvernig er appelsína á litinn? _____

Hvernig er súkkulaði á litinn? _____

Hvernig er kaffi á litinn? _____

Hvernig er sjórinn á litinn? _____

Hvernig er selur á litinn? _____

Hvernig er fjóla á litinn? _____

Mannlýsing

Sigga: Þekkirðu Láru, stelpuna sem Gummi var með á ballinu í gær?

Mæja: Nei, hvernig lítur hún út?

Sigga: Hún er frekar lágvaxin og mjög grönn. Hún er með stutt, ljóst, svolítið liðað hár og blá augu. Mjög myndarleg stelpa.

Mæja: Já, nú veit ég hver hún er. Hún á heima í sömu götu og ég.

Hár og augu

Ýmis lýsingarorð eru notuð til að lýsa hári og augum, sjá dæmi á töflunni hér að neðan. Oftast er forsetningarliður notaður þegar augum og hári er lýst; *Hann er með blá augu* og *hann er með stutt hár*. Þá eru nafnorðin *augu* og *hár* alltaf í þolfalli og lýsingarorðin samræmast þeim. *Hár* er hvorugkynsorð og er alltaf í eintölu þegar talað er um hár á höfði. *Auga* er líka hvorugkynsorð en það er notað í fleirtölu þar sem það vísar til tveggja augna.

Það má líka lýsa útliti fólks með samsettum lýsingarorðum eins og *dökkhærður* og *bláeygur*. Margir háralitir eru samsett lýsingarorð sem enda á lýsingarorðinu *hærður* sem er dregið af nafnorðinu *hár*. Þannig getur fólk verið *ljóshært* eða *gráhært*. Lýsingarorð til að lýsa augum eru líka oft samsett lýsingarorð sem enda á lýsingarorðunum *eygur* og *eygður* sem eru leidd af nafnorðinu *auga*. Þannig getur fólk verið *stóreygt* og *bláeygt*.

sídd/áferð hárs	háralitur	augnlitur	samsett lýsingarorð
sítt	ljóst	blá augu	bláeyg(ð)ur
stutt	dökkt	grá augu	stóreyg(ð)ur
slétt	svart	græn augu	rauðeyg(ð)ur
liðað	grátt	brún augu	skáeyg(ð)ur
krullað	skollitað	svört augu	dökkhærður
hrokkið	rautt		rauðhærður
þykkt			þunnhærður
þunnt			hrokkinhærður

Að vera með

Orðasambandið *að vera með* er notað þegar við tölum um líkama eða líkamshluta og forsetningin *með* stýrir þá þolfalli. Fólk er *með blá augu*, *með langt nef*, *með stóra fætur*, *með smáar hendur* o.s.frv. Lýsingarorðin sem standa með nafnorðinu í forsetningarliðnum samræmast nafnorðinu og eru líka í þolfalli.

Barnið er með stór, brún augu; stór, brún augu (hk.ft.nf.) → stór, brún augu (hk.ft.þf.)

Konan er með sítt, grátt hár; sítt, grátt hár (hk.et.nf.) → sítt, grátt hár (hk.et.þf.)

Svanurinn er með langan, hvítan háls; langur, hvítur háls (kk.et.nf.) → langan, hvítan háls (kk.et.þf.)

Augun í honum

Hægt er að tala um líkamshluta á annan hátt. Það er hægt að segja *augun í honum eru brún*, *eyrun á honum eru stór*, *hendurnar á henni eru fallegar*, *nefið á henni er lítið* o.s.frv. Í þessum orðasamböndum eru nafnorðin yfir líkamshlutana í nefnifalli með greini. Lýsingarorðin samræmast nafnorðinu í kyni, tölu og falli.

Mannlýsingar úr Brennu-Njáls sögu

Skarphéðinn: Hann var jarpur á hár og sveipur í hárinu, eygður vel, fölleitur og skarpleitur, liður á nefi og lá hátt tanngarðurinn, munnljótur nokkuð og þó manna hermannlegastur. Grímur hét annar sonur Njáls; hann var dökkur á hár og fríðari sýnum en Skarphéðinn, mikill og sterkur. Helgi hét hinn þriðji sonur Njáls; hann

var fríður maður sýnum og hærður vel; hann var sterkur maður og vígur vel; hann var vitur maður og stilltur vel. Höskuldur hét hinn fjórði sonur Njáls; hann var laungetinn; móðir hans hét Hróðný og var Höskuldsdóttir, systir Ingjalds að Keldum.

Hallgerður var fríð sýnum og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið, að það tók ofan á belt.

Verkefni 9.6

Skrifaðu svona lýsingu á sjálfri þér eða sjálfum þér.

Ég er frá Íslandi. Ég er íslenskur og ég tala íslensku. Ég er hávaxinn og of feitur. Ég er með grá augu og dökkt hár. Eyrn á mér eru stór og hrikalega útstæð. Augun í mér eru stór. Ég á heima á Ægisíðu í Reykjavík. Ég er nemandi í Háskóla Íslands.

Samheiti og andheiti

Sum lýsingarorðapör mynda algerar andstæður, eins og parið *jákvæður* og *neikvæður*. Önnur lýsingarorð eru ekki eiginlegar andstæður heldur hafa einhver tengsl sem fela í sér ólíka eiginleika eða ólíkt eðli. Dæmi um slík pör eru *hvítur* og *svartur*, *reiður* og *gláður*.

Sum lýsingarorð eiga sér samheiti, eitt eða fleiri. Merkingin er yfirleitt ekki nákvæmlega sú sama. Lýsingarorðin *heitur* og *hlýr* eru t.d. samheiti en þau merkja ekki nákvæmlega það sama. *Heitur* lýsir t.d. hærra hitastigi en *hlýr*. Það er sjaldan heitt á sumrin á Íslandi, en oft hlýtt. Stundum myndar hópur lýsingarorða einhvers konar skala. Dæmi um það eru eru lýsingarorðin *slappur*, *lasinn*, *veikur* og *fárveikur* sem öll lýsa einhvers konar veikindum en misalvarlegum. Lýsingarorðið *slappur* lýsir minnstu veikindunum en lýsingarorðið *fárveikur* mestu.

Verkefni 9.7

1. Finndu andstæður.

1. heitur	_____ stuttur
2. mjúkur	_____ lítill
3. langur	_____ þungur
4. stór	_____ þykkur
5. ljós	_____ tómur
6. léttur	_____ gamall
7. fallegur	_____ kaldur
8. þunnur	_____ hvítur
	_____ ljótur
	_____ harður

9. fullur	_____ vondur
10. svartur	_____ dökkur
11. ungur	
12. góður	

2. Finndu nokkur samheiti lýsingarorðanna *ljós, dökkur, góður, vondur, fallegur* og *ljótur*.

Orðastæður

Ef lýsingarorðinu *langur* er flett upp í samheitaorðabók (t.d. á snara.is) má sjá samheiti orðsins, t.d. *hár vexti, hávaxinn* og *síður*, og líka andheitið *stuttur*. Í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* (t.d. á snara.is) má sjá að lýsingarorðið *langur* má nota um lengd (langt prik), vegalend (löng gata), tíma (löng ferð) og líkamsstærð (vera langur og mjór). Samheitið *hár* er hins vegar notuð um hæð (hátt gras, hár maður), upphæð (há leiga), virðingu (hátt embætti) og hljóð (hátt hljóð). Lýsingarorðið *síður* er aðeins notað í merkingunni sídd (sítt hár, síðar gardínur, síðir kjólar, síð pils og síðar buxur).

Hár er *sítt* en götur eru *langar*.

Sagan er *löng* en kjólinn er *síður*.

Tréð er *hátt* en augnhárin eru *löng*.

Kennslustundin er *löng* en gardínurnar eru *síðar*.

Verkefni 9.8

1. Farðu á snara.is og flettu upp lýsingarorðunum *stuttur* og *þykkur*. Skoðaðu samheitin í *Samheitaorðabókinni* og orðastæðurnar sem *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* gefur upp. Skrifaðu upp nokkur nafnorð sem þú þekkir og settu lýsingarorðin í réttu kyni og réttri tölu fyrir framan.

stuttur

þykkur

2. Farðu á snara.is og flettu upp nafnorðinu *föt*. Finndu nokkur lýsingarorð sem eru notuð með þessu orði

3. Flokkaðu lýsingarorðin í þrennt eftir því hvort þau eru notuð til að lýsa áferð, lögun eða mynstri.

<i>doppóttur</i>	<i>ferhyrndur</i>	<i>ferkantaður</i>	<i>harður</i>
<i>hrufóttur</i>	<i>kringlóttur</i>	<i>köflóttur</i>	<i>loðinn</i>
<i>mjúkur</i>	<i>rósóttur</i>	<i>röndóttur</i>	<i>sleipur</i>
<i>sléttur</i>	<i>snöggur</i>	<i>stamur</i>	<i>tíglóttur</i>
<i>þríhyrndur</i>			

Áferð: _____

Lögun: _____

Mynstur: _____

4. Hugsaðu um fólk sem þú þekkir og tengdu það við einhver þessara lýsingarorða. Reyndu líka að finna andheiti lýsingarorðanna.

<i>bjartsýnn</i>	<i>félagslyndur</i>	<i>gjafmildur</i>
<i>glæðlyndur</i>	<i>hjálpssamur</i>	<i>iðinn</i>
<i>jákvæður</i>	<i>liðlegur</i>	<i>mannblendinn</i>
<i>samviskusamur</i>	<i>skapmikill</i>	<i>skemmtilegur</i>
<i>sveigjanlegur</i>	<i>þolinmóður</i>	<i>þrjóskur</i>
